

Bláskógarbyggð  
Pétur Ingi Haraldsson ,  
skipulagsfulltrúi  
Aratunga  
801 SELFOSS

Garðabær, 05. maí 2017  
2017030039/42-0  
LÁ, TB  
jgo/tb

### **Deiliskipulag vegna stækkunar hótels á Nesjavöllum, umsögn**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Bláskógarbyggð, dags. 29. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi vegna stækkunar hótels á Nesjavöllum.

Í forsendum fyrir stækkun hótelsins kemur fram að núverandi rými hótelsins anni ekki eftirspurn og því verði að koma á móts við aukið streymi ferðamanna á svæðinu. Einnig að lögð verði áhersla á umhverfisvænar lausnir og hugvitsamlega nýtingu á náttúrulegum efnum.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að skoða hugsanlega framkvæmd á vettvangi. Það er þó ljóst að deiliskipulagstillagan mun auka enn frekar á röskun á svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a lið 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Sjá má á loftmyndum og öðrum myndum af svæðinu að hrauninu, Nesjahrauni, hefur verið mikið raskað og að nú verði jarðmynduninni raskað enn frekar. Ekki bara að magni til heldur verður farið utan í hrauntröð og enn nær gígum norðvestur af núverandi byggingu. Þar með er helstu einkennum jarmyndunarinnar raskað.

Rétt við hraunið er svæði sem frekar ætti að nýta undir byggingu hótels út frá náttúruverndarsjónarmiðum.

Í greinargerð með skipulaginu er fjallað um stefnu Bláskógarbyggðar í aðalskipulagi og þar m.a. tilgreint að það sé stefna sveitarfélagsins að efla enn frekar núverandi ferðaþjónustustaði. Í greinargerðinni er hins vegar ekki komið inn á stefnu sveitarfélagsins í náttúruvernd. Í greinargerðinni er jafnframt fjallað um umhverfisáhrif og vissulega bent á þá röskun sem verður en síðan sagt að raskað svæði verði aðlagð að óröskuðu svæði og að viðbyggingin eigi að styrkja þá sjónrænu upplifun að hún vaxi út úr landslaginu. Einnig kemur fram að það er álitið að hagræn og félagsleg áhrif verði fremur jákvæð þar sem stuðlað er að uppbyggingu í sveitarfélagini og eflingu atvinnulífs.

Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með því að framangreind tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt eins og það er sett fram.



Það er engin vafi á því að hrauni sem nýtur sérstakrar verndar verður raskað enn frekar. Í 61. gr. laga um náttúruvernd segir: „Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.“ Í framangreindri röksemdafærslu í greinargerð með skipulaginu er hvergi vikið að því hvort byggja meigi við hótelíð með öðrum hætti en lagt er til. Það vantar allan rökstuðning bæði um útfærslumöguleika þ.e. hvernig megi byggja við hótelíð með sem minnstri röskun eða byggja viðbót annarsstaðar. Einungis er fjallað um hægræn og félagsleg áhrif sem rök fyrir tillögunni en eingöngu með tilvísun í fjárhaglega þætti, þ.e. rekstur hótelssins og þá væntanlega hagsmuni eigenda þess, uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélögum og styrkingu ferðapjónustu. Þetta er gert án þess að meta áhrif vegna óafturkræfrar röskunar á hrauninu til framtíðar. Einnig er reynt að réttlæta röskun á hrauninu með skírskotun í byggingarlist. Að mati Náttúrufræðistofnunar samræmist þessi lýsing á deiliskipulaginu hvorki markmiðum laga um náttúruvernd með hliðsjón af 3. og 61. gr. laganna né heldur b lið 1. gr. skipulagslagu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

